



Skýrsla kennsluráðgjafa

skólaárið 2015 - 2016



Helga Hauksdóttir
skóladeild Akureyrar
júni 2016




Skólaárið 2015 – 2016

Verkefni skólaársins 2015 – 2016 voru margvísleg, skemmtileg og krefjandi. Eins og áður reyndi ég að skipta tíma mínum á milli vinnu með kennurum, kennslu og undirbúnings, námsefnisgerðar, miðlunar námsefnis og fræðslu á vefnum <http://erlendir.akmennt.is> og annarra tilfallandi verkefna sem eru af margvíslegum toga. Það geta t.d. verið fundir með foreldrum, kennaranemum / meistaranemum, upplýsingagjöf, kynningar og tímakennsla við HA o.fl. Eftir áramót bættist við skipulag, undirbúningur og kennsla sýrlenskra nemenda sem komu til okkar í janúar. Allt gekk þetta upp þó að í mörg horn hafi verið að líta og veturinn verið annasamur.




Fjöldi nemenda með íslensku sem annað mál í leikskólum bæjarins

Í leikskólum bæjarins eru samtals 87 tvítyngd börn. Flest þeirra eru á lðavelli, eða 20 talsins og er það 23% af heildarfjölda barna þar. Í leikskólanum í Hrísey er eitt tvítyngt barn og aðeins tvö í Lundarseli og í Kiðagili. Langstærsti hluti tvítyngdra barna hafa pólsku sem móðurmál, eða 21 barn. Samtals koma 11 börn frá enskumælandi löndum (Ástralíu, Bretlandi, Írlandi, Skotlandi) og 7 hafa tailensku sem móðurmál. Alls tala nemendur leikskólanna 31 mismunandi tungumál.



Fjöldi tvítyngdra nemenda í grunnskólum bæjarins sem fá aðstoð við íslenskunám

Fjöldatölur frá grunnskólunum snúa að því hve margir nemendur fá **aðstoð við íslenskunám** en telja ekki heildarfjölda nemenda sem er tvítyngdur. Móðurmál flestra nemenda sem fá aðstoð við íslenskunám er pólska. Þá kemur hópur íslenskra barna sem flest hafa flutt heim eftir langa dvöl erlendis eða hafa búið við þær aðstæður að annað mál en íslenska er ríkjandi í umhverfi þeirra. Í þriðja stærsta hópnum eru nemendur sem hafa tailensku sem móðurmál. Alls tala þessir nemendur grunnskólanna 34 mismunandi tungumál.



Vinna við námsefnisgerð

Sumarið 2015 vann ég vinnubók við lestrarbókina *Hundakúnstir* eftir Kristjönu Friðbjörnsdóttur. Hún er úr nýlegum flokki lestrarbóka, *Sestu og lestu*, sem Námsgagnastofnun hefur gefið út og henta mjög vel nemendum sem hafa íslensku sem annað mál.

Í haust vann ég verkefnahefti sem ég setti á netið og heitir Náttúran og nöfnin okkar (http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/03/Natturuan_nofnin_okkar_2016.pdf). Þetta hefti var í vinnslu og endurskoðun alla haustönnina. Þar er verið að vinna með íslenska náttúru og mannanöfn sem tengjast henni, t.d. hafinu, fjöllum, trjátegundum, blómum og fuglum. Ýmis önnur verkefni voru sett á netið til afnota fyrir kennara en þau voru öll smærri í sniðum.

Fræðslufundir og kennsla

Fyrri hluta októbermánaðar var ég með fræðslufund fyrir kennara miðstigs í skólunum í Grafarvogi og á Kjalarnesi. Alls voru 39 kennarar skráðir á námskeiðið sem var haldið í Vættaskóla. Markmiðið var að þjálfa þátttakendur í að vinna með skólaorðaförða í greinabundinni íslenskukennslu og skoða hvernig hægt er að vinna með endurtekningu, myndræna framsetningu og dýpri merkingu orða í mismunandi samhengi.


Í október var ég með tímakennslu í Háskólanum á Akureyri þar sem ég var með fræðslu um tvítýngi, fjölmenningu og kennslufræði á námskeiðinu *Málið – nemandi og samfélag* og í nóvember var ég með tíma í námskeiðinu *Nám og kennsla í skóla margbreytileikans*, einnig við HA.

Á vorönn hitti ég nemendur í 6. bekk í Síðuskóla og ræddi við þá um hvernig það væri að flytja á milli landa og menningarheima. Hvað þurfum við að gera þegar við flytjum á nýjan stað, hvað er erfiðast og hvert er hlutverk okkar sem tókum á móti nemendum sem eru í þessum sporum?

Kennsla í grunnskólum bæjarins

Í vetur var ég með fasta kennslu í Oddeyrarskóla, Brekkuskóla, Síðuskóla og Glerárskóla, alls 19 kennslustundir á viku. Eins og áður var forgangsraðað þannig að ég var með eldri hóp nemenda sem hafði litla/enga kunnáttu í íslensku. Nemendur vetrarins voru í 6. – 9. bekk og hver þeirra var að fá frá tveimur og upp í sex kest. á viku. Í raun er þessi kennsla nemenda sem eru að byrja sitt íslenskunám hátt hlutfall vinnu minnar, eða um 73% af kennsluskyldu grunnskólakennara.

Heimasíða og fréttabréf



Færri fréttabréf voru send til starfsfólks leik- og grunnskóla en síðustu vetur. Ástæða þess var aðallega sú að FrontPage vefurinn sem hýsti heimasíðuna og þar með fréttabréfin, fór að hökta fyrri hluta vetrar, svo erfitt var að bæta inn á hann. Eftir áramótin var svo þessum gamla vef lokað og var mér þá nauðugur einn kostur; þ.e. að færa heimasíðuna yfir í nýtt umhverfi og í lok mars leit ný heimasíða dagsins ljós á WordPress:

<http://erlendir.akmennt.is>. Þessi nýi vefur er enn í vinnslu en í það minnsta hefur tekist að færa flest skjöl frá gamla vefnum yfir á þann nýja, endurskipuleggja efnispætti og bæta nýjum við. Vonandi verður nýi vefurinn því þægilegur í notkun fyrir þá sem vilja leita sér upplýsinga eða sækja þangað verkefni sem gagnast nemendum. .

Endurmenntun, ráðstefnur og námskeið


Á haustönn tók ég eitt 10 ECTS eininga námskeið, *Tvítýngi og læsi NOK053F*, við Menntavísindasvið HÍ. Námskeiðið byggðist á lestri, verkefnagerð og ritgerðum og

var bæði lærdómsríkt og gagnlegt.

Ýmsir fræðslufundir voru í boði í tengslum við móttöku sýrlenskra flóttamanna á Akureyri, t.d. hjá Hrafnhildi Kvaran, verkefnisstjóra málefna flóttafólks hjá Rauða krossi Íslands sem ræddi um áskoranir við að flytja í nýjan menningarheim og stuðningsfjölskyldu-verkefni Rauða krossins og hjá Guðbrandi Árna Ísberg, sálfræðingi, sem ræddi um áfallastreitu og viðbrögð við henni.

Dagana 14. – 15. apríl tók ég þátt í *Ráðstefnu um málörvun, læsi og fjöltyngi* sem haldin var í Gerðubergi á vegum Samtaka áhugafólks um skólaþróun. Þar var sjónum beint að vinnu með fjölbreyttum og fjöltyngdum nemendahópi allra skólastiga.

Aðalfyrirlesarar voru Hanna Ragnarsdóttir frá HÍ og Jim Cummins frá Háskólanum í Toronto og síðan tóku við málstofur. Í tengslum við ráðstefnuna var boðið upp á námskeið fyrir kennara þar sem Jim Cummins var með innlegg fyrri hluta tímans en síðan tók við vinna þátttakenda. Báðir dagar voru vel skipulagðir og áhugaverðir.



Bekk / Þátttakendum er skipt niður í smærri hópa. Hér er blóm fjögurra manna hóps þar sem hver hefur sitt krónublað.

Þátttakendur skrifa einhverja þætti sem eru einstakir fyrir þá (og eru ekki sameiginlegir með öðrum í hópnum) á sitt krónublað.

Allir í hópnum hjálpast að við að finna sameiginlega reynslu, upplifun, einkenni til að setja í miðju blómsins.

Góð leið til að kynnast og tala saman ☺

Ég fór með Kristínu Sóleyju Sigursveinsdóttur á ráðstefnu/Round Table, um móttöku flóttamanna í Evrópu, á vegum Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, Evrópuráðsins, Velferðarráðuneytisins og Hafnarfjarðarbæjar dagana 8.-9. júní. Þátttakendur ráðstefnunnar voru um 50 frá Eystrasaltslöndunum og Norðurlöndum. Fulltrúar landanna gerðu grein fyrir því hvernig móttöku flóttamanna/hælisleitenda, er háttáð á þeirra heimslóðum, hver helstu vandamál séu og hvað hafi tekist vel. Einnig var gaman að heyra frá fulltrúum Evrópuráðs og flóttamannastofnunar og svissneskum háskólakennara frá Zürich sem m.a. ræddi um hugtök eins og „*umburðarlyndi*“. Flestar þjóðir áttu við samskonar erfðileika að etja, t.d. að geta boðið flóttafólki húsnæði til langtímaleigu og á viðráðanlegum kjörum.

Önnur verkefni vetrarins

Eins og síðustu vetur tók ég þátt í teymi innanhússfræðara á vegum bæjarins. Innanhússfræðarar heimsækja þá vinnustaði bæjarins sem óska eftir fræðslu og

umræðum um líðan og starfsanda á vinnustað. Eins og áður voru nokkrar vinnustaðaheimsóknir tengdar þessu verkefni.

Samvinna innan og utan skólakerfisins

Í starfi mínu á ég í samskiptum við fjölda fólks og það er einn þeirra þátta sem gerir vinnuna fjölbreytta og spennandi. Fyrir utan nemendurna sjálfa á ég oft í mikilli og góðri samvinnu við umsjónarkennara þeirra um áherslur í námi, námsefni, skipulag, námsmat o.s.frv. Einnig samstarf við skólastjórnendur, foreldra nemenda, túlka, Alþjóðastofu o.fl. Kennsluráðgjafar sem koma sérstaklega að erlendum nemendum eru einnig með samstarf þar sem hægt er að miðla upplýsingum og leita ráða. Samstarf er einnig við ýmsa sem starfa hjá íþróttafélögum og sjá um sumarvinnu fyrir unglinga en oft biðja nemendur/foreldrar um aðstoð við að finna æfingátíma íþróttá sem nemendur vilja leggja stund á eða aðstoð við að sækja t.d. um vinnuskólann á netinu.

Móttaka sýrlenskra nemenda

Koma fjögurra sýrlenskra fjölskyldna til Akureyrar þann 19. janúar setti mikinn og skemmtilegan svip á skólastarf vetrarins.

Undirbúningur móttöku fjölskyldnanna, sem höfðu verið á flóttu, bæði innan Sírlands og síðar í Libanon, hófst hjá okkur á skóladeild seinni hluta októbermánaðar, þegar við fengum fyrstu upplýsingar um áætlaðan komutíma, fjölda fjölskyldna og einstaklinga o.fl. í þeim dúr. Það var gott að fá þessar grunnupplýsingar en í raun var lítið hægt að gera, þar sem nánari upplýsingar lágu enn ekki fyrir, t.d. um nákvæman komudag, fjölda barna, aldur þeirra o.fl.

Í janúar komu síðan nánari upplýsingar um fjölskyldurnar okkar. Í hópnum var eitt barn um 10 mánaða aldur, tveir strákar á leikskólaaldri, 8 börn á grunnskólaaldri, sjö strákar og ein stelpa og þrír unglingar á framhaldsskólaaldri, tveir strákar og ein stelpa.

Undirbúningur í janúar

Þeir sem komu að móttöku hópsins funduðu eftir þörfum í janúar, þ.e. verkefnastjóri móttöku, Kristín Sóley Sigursveinsdóttir, við á skóladeild, Kristín Björk Gunnarsdóttir og Helgi Þ. Svavarsson fulltrúar frá Símei og Harpa Jörundardóttir, fulltrúi frá framhaldsskóla, VMA. Ákveðið var að byrja á því að hafa allan hópinn saman, börn og fullorðna í einum skóla bæjarins, í íslenskukennslu. Rök okkar með því að byrja á þennan hátt voru þau að við vissum ekki hvort/að hve miklu leyti foreldrar og börn treystu sér til að vera algjörlega aðskilin fyrstu daga/vikur á nýjum stað; að efla samkennd innan hópsins, sem ekki þekktist mikið áður en lagt var af stað í ferðalag til þessa fjarlæga áfangastaðar og við fengum tækifæri til að kynna hópnum og meta stöðu hvers og eins. Loks gaf þetta upphaf okkur tækifæri á að hafa bæði börn og fullorðna með í ráðum um framhaldið, þ.e. hvenær allir treystu sér til að taka næsta skref, börn að fara í leikskóla og sína hverfisskóla, yngsta barnið til dagmóður og fullorðna fólkið í íslenskukennslu í Símei.

Heimsóknir

Við fórum þrjú, ég, Kristín Björk og Helgi frá Símei, í heimsókn til fjölskyldnanna áður en íslenskukennsla hófst. Tilgangur heimsókna af slíku tagi er bæði að kynna

fjölskyldunum í þeirra umhverfi, að kynna okkur, ræða um óskir og væntingar, bakgrunn, fyrri skólagöngu, tungumálakunnáttu, tímasetningar og fleira af hagnýtum toga. Þar sem þess þurfti var Ahmed Essabiani, túlkurinn okkar, með í för og var ómetanlegur.

Aðstaða

Stjórnendur Glerárskóla buðu okkur til afnota tvær samliggjandi kennslustofur með lítilli sérstofu, þar sem við sáum að við gætum kennt barnahópnum í annari stofunni og framhaldsskólanemendum og fullorðnum í hinni og notað litlu stofuna sem sameiginlega kaffistofu fyrir alla. Við höfðum einnig afnot að tölvustofu á sama gangi. Rauði krossinn á Akureyri var okkur innan handar með að innrétta stofurnar, þannig að við gátum haft sófa, sófaborð, mottur á gólfum o.fl. til að gera hlýlegt í kringum okkur. Glerárskóli lagði til skólahúsgögnin og við keyptum blóm og fleira smálegt til þess að fegra í kringum okkur.

Skipulag náms fyrstu daga og vikur

Ákveðið var að byrja með íslenskukennslu frá kl. 10:00 – 12:00 alla virka daga (samtals tæplega þrjár kennslustundir með einu hléi, þar sem boðið var upp á hressingu). Áhersla var lögð á þematengdan orðaforða daglegs lífs, sbr.

kennsluáætlun fyrir grunnskólanemendur sem fylgir með hér í **fylgiskjöllum**.

Allur hópurinn mætti í skólaheimsókn í Glerárskóla fimmtudaginn 4. febrúar og fyrsti skóladagurinn var mánudagur 8. febrúar. Allur hópurinn var svo saman í Glerárskóla til 23. febrúar.

Allir krakkarnir voru saman í hópi, frá leikskólaaldri og upp í 8. bekk grunnskóla. Einn nemandi, 16 ára, var með hópi framhaldsskólanema/fullorðinna. Við vorum oftast tvær með krakkana, Bergþóra Þórhallsdóttir og ég. Þannig gátum við oft skipt hópnum í tvennt og gátum nýtt t.d. tölvustofuna fyrir hluta hópsins á meðan aðrir fengust við annars konar verkefni.

Fyrsta daginn kom Soffía Vagnsdóttir, fræðslustjóri, í heimsókn og bauð alla velkomna til Akureyrar og til að hefja íslenskunám. Hún talaði einnig um mikilvægi móðurmálsins sem er svo stór hluti af lífi okkar og sjálfsmynd og minnti á að enginn mætti gleyma rótum sínum né móðurmáli og að það væri líka verkefni hópsins að standa vörð um þá þætti menningar sinnar.

Íslenskukennsla krakkanna fór mikið fram í þeim þar sem áhersla var á orðaforða daglegs lífs. Í upphafi var öllum kennt að kynna sig, læra heimilisfang sitt og síðan tóku við þættir eins og að læra að telja, læra litina, nöfn á fatnaði, skóladóti,

líkamshlutum o.s.frv. Einnig voru íslenskir bókstafir, heiti þeirra og hljóð verkefni alla daga.

Við byrjuðum samveru okkar í Glerárskóla á mánudegi og á miðvikudegi í sömu viku var öskudagurinn. Öllum krökkum sem vildu var boðið að fara saman í bæinn í búningum. Þá höfðu krakkarnir þegar lært að syngja „Höfuð, herðar, hné og tær“ á íslensku og arabísku. Með þá kunnáttu og gleðina að vopni hélt öskudagslið af stað í bæinn. Krakkarnir sungu sig inn í hug og hjörtu allra þeirra sem á hlýddu og uppskáru ríkulega af alls kyns sælgæti fyrir söng



sinn.

Síðasta daginn í Glerárskóla héldum við „útskriftarveislu“, þar sem við fögnuðum því að nú var fyrsta áfanga að ljúka og þátttakendur tilbúnir til að taka næsta skref í nýjum heimkynnum. Við buðum upp á tertu með kaffinu, einn nemandinn, Omar, spilaði fyrir okkur á fiðlu og allir sungu saman, Regndropalagið, á íslensku og arabísku

(http://www.bornogtonlist.net/Arab%C3%ADskt_lag/).

Allar fjölskyldur fengu gjafabréf upp á l-pad, sem nokkur fyrirtæki í bænum gáfu og loks komu fulltrúar frá félagi kennara við Háskólann á Akureyri og færðu öllum börnum/unglingum í hópnum bækur. Þetta var mjög skemmtilegur dagur sem gaman var að taka þátt í.

Síðan tóku við þrír dagar sem voru ætlaðir til aðlögunar í leik- og grunnskólum. Þessa daga var ekki kennsla fyrir foreldrana til þess að skapa þeim tækifæri til að fylgja börnum sínum fyrstu dagana á nýjum stöðum.


Að byrja í nýjum grunnskóla

Dagarnir þrír (24. – 26. febrúar) sem voru ætlaðir til aðlögunar í leik- og grunnskólum voru skipulagðir í samstarfi við fjölskyldurnar sjálfar, t.d. hvað varðaði lengd fyrstu skóladaga, viðveru foreldra í skólunum o.s.frv. Reyndin varð sú að fyrsti skóladagurinn var styttri hjá flestum en síðan var byrjað af fullum krafti skv. stundaskrá hvers bekkjar. Þessa fyrstu daga fór ég einnig með krökkunum og stundum foreldrum þeirra í búðir til að kaupa allt það sem þarf til grunnskólagöngu en í fjárhagsáætlun verkefnis um móttöku flóttafólks er gert ráð fyrir þeim útgjaldalið. Ég fór með hverri fjölskyldu fyrir sig og við völdum saman skólatöskur og allt sem þurfti í þær, miðað við aldur hvers og eins og innkaupalista skólanna, íþróttaföt voru keypt handa þeim sem þurftu þau o.s.frv. Þetta voru skemmtilegar ferðir og gaman að sjá þá gleði og tilhlökkun sem skein af andlitum krakkanna við innkaup á skóladóti. Hver fjölskylda fór í heimsókn í grunnskóla barna sinna utan skólatíma til að hitta stjórnendur og kennara. Ég fór með þeim í þessar heimsóknir og Ahmed, túlkurinn okkar. Við skoðuðum húsnæðið, farið var í gegnum skóladagatal, rætt um mótuneyti og matseðla og hvernig yrði brugðist við þegar eitthvað væri í matinn sem krakkarnir borða ekki af trúarlegum ástæðum t.d. svínakjöt. Einnig þurfti að ræða um sund/íþróttir, reglur um þvott áður en farið er út í sundlaug og annað í þeim dúr. Rætt um foreldrasamstarf og hvaða hátt væri best að hafa á því, heimanám, boð um frístund eftir að skóladegi lýkur o.fl.

Fræðsla til starfsfólks móttökuskólanna

Í febrúar fór ég á starfsmannafundi í Brekkuskóla og Oddeyrarskóla en það eru hverfissskólar grunnskólanemenda. Þar kynnti ég fjölskyldurnar svolítið, t.d. nöfn, aldur og sagði aðeins frá bakgrunni þeirra.

Ghasoub Abed, kennari á Akureyri, sem er Palestínumaður, kom einnig á starfsmannafundi í Oddeyrarskóla og Glerárskóla með fræðslu um menningarheim Arabalanda. Því miður féll niður fundatími með starfsfólki Brekkuskóla en stjórnendur



þar eiga kost á að fá álíka fræðslufund næsta haust.


Seinni hluta maímánaðar kom Guðbrandur Árni Ísberg, sálfræðingur, með fræðslu fyrir þá sem starfa með flóttafólki. Hann kom m.a. inn á þætti eins og einkenni áfallastreitu og viðbrögð við henni. Skólastjórnendum og umsjónarkennurum grunnskólabarna var boðið að taka þátt í þessari fræðslu og nýttu margir sér það.

Kennsla grunnskólanna, eftirfylgd og samvinna við kennara

Skólarnir sem tóku við grunnskólanemendum fengu tímakvóta til sérstakrar íslenskukennslu. Í báðum skólunum stóð þannig á að stjórnendur gátu brugðist við því með kennurum innanhúss sem gátu bætt við sig kennslu. Ég var einnig með kennslu í sex tíma í Brekkuskóla og einn í Oddeyrarskóla sem nýttust krökkunum. Þegar grunnskólabörnin fóru í hverfisskólana sína sendi ég öllum kennurum þá kennsluáætlun sem unnið hafði verið eftir fyrstu vikunna í Glerárskóla og kennarnir fengu þær bækur sem krakkarnir höfðu verið með þar. Einnig fengu kennarar þá orðalista sem við höfðum útbúið á arabísku/íslensku, með aðstoð Ahmeds, sem fór yfir alla pappíra. Kennarar fengu einnig myndræna stundaskrá o.fl. sem gæti orðið þeim og nemendum til gagns fyrstu daga og vikur skólastarfsins. Allir orðalistar og annað efni sem við vorum að nota með krökkunum voru líka settir inn á vefinn

<http://erlendir.akmennt.is/index.php/arabiska-2/> .

Krakkarnir voru mest teknir út úr bekkjunum sínum í íslenskukennslu en einnig var stuðningur inni í bekk. Það er mikið álag að vera nýr í fjölmennum bekk þar sem þú skilur nær ekkert í því sem fram fer og þá er gott að minnka áreitið og fá hvíld í minni hópi utan bekkjar. Alltaf er samt áhersla á að nemendur taki sem mestan þátt í öllu almennu bekkjarstarfi og kennarar styðja markvisst við félagatengsl í bekknum. Í heildina má segja að mest áhersla hafi verið lögð á íslensku, ensku og stærðfræði þessa mánuði til loka skólaársins.



Íþrótt- og sundkennsla

Við spurðum sérstaklega um sundkunnáttu krakkanna og sögðum frá reglum um þvott án sundfata í sturtuklefum. Nekt reynist mörgum erfið og sú var raunin hjá einstaka nemendum. Það var strax brugðist við í samstarfi íþróttakennara og starfsfólks sundlaugar og þar fundin leið sem allir gátu sætt sig við. Á sama hátt heyrðum við aldrei af vandræðum í sturtuklefum íþróttahúsa skólanna en þar var starfsfólk sveigjanlegt um leið og það leiðbeindi um þær reglur sem gilda á hverjum stað.

Sundkunnáttu krakkanna var ekki mjög mikil en þeir voru allir vanir að fara í sund, voru óhræddir og gátu bjargað sér nokkuð vel. Þegar þeir mættu svo í sundtíma fór þeim vel fram þessa mánuði til loka skólaárs.

Fundir með foreldrum

Þegar grunnskólanemendur höfðu verið um þrjár vikur í skólunum sínum var ákveðið að boða aftur til fjölskyldufunda. Hver fjölskylda mætti til fundar við umsjónarkennara og fulltrúa stjórnenda en ég var einnig á þeim fundum, ásamt Ahmed. Kennarar fóru

yfir stöðu hvers nemanda og bæði krakkarnir og foreldrar höfðu tækifæri til að spyrja og koma með athugasemdir.

Námsmat

Boðað var til fundar með kennurum beggja skólanna þann 10. maí til að fara yfir stöðuna, deila upplifun og ræða málin. Þar gafst einnig tækifæri til að ræða skil og námsmat fyrir vorið. Allir nemendur tóku sameiginlegt stöðumat í íslensku; [http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2015/10/namsmat- Helga.pdf](http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2015/10/namsmat-Helga.pdf) og auk þess skiluðu kennarar ítarlegri umsögn fyrir hvern og einn nemanda, þar sem fram komu áherslupættir í hverri námsgrein og almenn umsögn en þar voru skoðaðir þættir eins og aðlögun, félagsfærni, þátttaka í almennu skólastarfi o.fl. Gaman hefði verið að þýða þessar umsagnir á arabísku en því miður náðist það ekki fyrir skólalok.

Vordagar

Á fundum með foreldrum hafði verið farið yfir dagskrá síðustu daga skólaársins og sagt frá áherslu á útivist og hreyfingu, göngu- og hjólaferðir. Nemandi 10. bekkjar í Oddeyrarskóla tók þátt í skólaferðalagi bekkjarins þar sem farið var til Reykjavíkur, í Adrenalíngarðinn, flúðasiglingu í Skagafirði, klettaklifur o.fl. Allt gekk þetta vel fyrir sig og hefur án efa styrkt félagsleg tengsl krakkanna við bekkjarfélaga sína.

Sumarfrí – frístundastarf og tilboð um íslenskukennslu

Fyrir skólalok tók við skipulag á frístundastarfi og vinnuskóla fyrir krakkana í sumar. Kristín Sóley kynnti alla möguleika sem í boði voru og skipulagði dagskrá fyrir hvern og einn. Við fórum báðar, með Ahmed túlki og strákunum sem eru á vinnuskólaaldri í heimsókn upp í Framkvæmdamiðstöð þar sem þeir fengu allar upplýsingar um vinnuna, mætingu og vinnutíma, launagreiðslur, helstu verkefni o.fl.

Foreldrar höfðu spurt eftir íslenskukennslu í sumar, svo ákveðið var að bjóða upp á tíma fyrir krakkana, tvisvar í viku, á þriðjudögum og fimmtudögum, í þrjár vikur, á tímabilinu 21. júní - 7. júlí. Boðið var upp á tíma bæði kl. 10:00 – 11:00 og svo frá 15:00 – 15:45 þar sem þeir eldri voru í vinnuskólanum eftir hádegi en þeir yngri voru á ýmsum námskeiðum fyrir hádegi (sjá fylgiskjal). Mæting í þessa tíma var frjálst, þannig að það var undir fjölskyldunum komið hvort krakkarnir mættu eða ekki. Ég hitti foreldra á fundi og kynnti þetta fyrirkomulag og bauð þeim einnig að hafa samband við mig, í síma, með tölvupósti eða á skrifstofuna ef þeir óskuðu eftir einhverri aðstoð, verkefnum eða lesbókum fyrir krakkana í sumar.

Nýir siðir í nýju landi. Af hverju er þetta svona?

Þessa mánuði fundum við að fjölskyldurnar okkar voru að velta ýmsu fyrir sér sem var öðruvísi en þær áttu að venjast. Þar má líklega fyrst telja íslenska skólakerfið. Nemendurnir voru vanir miklum aga í skólum frá fyrri tíð. Þeir sögðu okkur t.d. að í upphafi hvers dags hefðu nemendur staðið í beinum röðum og sungið þjóðsönginn. Fjölskyldurnar voru vanar meira heimanámi og meiri áherslu á vinnu með bækur og vinnubækur. Krökkunum fannst frjálsræði í skólunum mikið og samband á milli kennara og nemenda frjálslegra en þeir voru vanir. Foreldrar virtust heldur ekki vanir miklu samstarfi við skólana og að sífellt væri verið að bjóða foreldrum í heimsóknir, þeir væru að mæta á fundi, árshátíðir, vordaga, skólaslit o.s.frv.

Við sögðum frá því að í íslensku skólakerfi hugsuðum við í grunninn um líðan barna í

skólanum og kennarar legðu mikla áherslu á að öllum liði vel innan bekkjarins. Það væri líka góður grunnur til að byggja á úthald, einbeitingu, áhuga og vilja til náms og að gera sitt besta. Einnig sögðum við þeim frá aukinni áherslu á fjölbreyttar kennsluaðferðir, teymisvinnu kennara, samvinnu nemenda og ábyrgð þeirra á eigin námi. Á sama hátt var sagt frá minnkandi vægi heimanáms. Áhersla væri alltaf á lestrarþjálfun heima hjá yngri börnum en hjá þeim eldri væri heimanám oft fólgið í því að ljúka við vinnu sem þeim hefði ekki tekist að klára í skólanum. Kennarar settu auk þess heimanám oft inn í Mentor þar sem bæði nemendur og foreldrar gætu fylgst með því sem ætti að vinna heima.

Okkur fannst stundum að krakkarnir færu frjálsglega eftir umferðarreglum, færu yfir götu þar sem þeim best þótti o.fl. Þessir þættir, og ýmsir fleiri, voru ræddir með foreldrahópnum. Umferðarreglur voru kynntar og áhersla lögð á að nemendur færu bestu og öruggustu leiðina í skólann, notuðu umferðarljós og gangbrautir. Sömuleiðis rætt um reglur um hjálmanotkun allra 15 ára og yngri og þá skyldu að vera með hjálm ef krakkarnir hjóluðu í skólann og í hjólaferðum á vegum skólanna.



Hvernig hefur til tekist?

Í raun held ég að það sé allt of snemmt að reyna að svara þessari spurningu og vildi helst geta beint henni í framtíðinni til sýrlensku fjölskyldnanna sjálfra. Hvernig var þeirra upplifun, hvað fannst þeim gott að fá að vita og hvað vantaði o.s.frv.

Í dag get ég þó sagt að þetta ferli allt hefur verið ánægjulegt, lærdómsríkt og krefjandi. Janúar og febrúar voru mánuðir eilífra spurninga og efasemda. Hvað var ég að gera rétt og hvað ekki? Ég fór jafnvel í hringi með einstök verkefni

og hafði eina skoðun í dag og aðra á morgun. Það á t.d. við um það hvort það væri rétt af okkur að byrja með allan hópinn saman, frekar en að krakkarnir byrjuðu strax í hverfisskólunum sínum. Í dag er ég þó ánægð með þá leið sem við völdum.

Ég er mjög ánægð með samstarf okkar Kristínar Sóleyjar, verkefnisstjóra. Nálægð okkar á skóladeildinni hefur örugglega flýtt fyrir ýmsum ákvörðunum og viðbrögðum í einstökum málum. Mér fannst mjög gott að hún deildi með mér heildaryfirsýn á verkefnið og ég gerði mér þannig betur grein fyrir öllu því róti sem er á lífi flóttafólks og hvernig hugsun og gerðir eru stöðugt á flakki á milli þess sem er og þess sem var. Athygli, einbeiting og minni eru oft ekki eins og við búumst við og það tekur langan tíma að ná sáttum og kyrrð í sálina og að læra á nýtt umhverfi, nýjar kröfur og væntingar.

Það er einnig ómetanlegt fyrir mig að Ahmed, túlkur verkefnisins, hefur aðsetur á skóladeildinni. Hann var fljótur að bregðast við óskum um þýðingar á pappírnum og eins var hann alltaf boðinn og búinn til að koma með í skólana, koma skilaboðum áleiðis frá kennurum til foreldra, útskýra fyrir okkur menningarmun og ástæður


tiltekinna viðbragða o.s.frv.

Í raun bættist þetta verkefni ofan á aðra vinnu mína og ef til vill hefur það haft áhrif á öll verkefni mín; að ég hafi getað gert betur alls staðar en því verður ekki breytt nú. Þrátt fyrir annríki og hlaup á milli staða hefur þetta verið mjög skemmtilegt, gefandi og lærdómsríkt og ég held að við höfum að minnsta kosti vandað okkur og í heildina tekist nokkuð vel upp.

Í lokin vil ég einnig nefna ánægju mína með samstarf við kennara krakkanna í Brekkuskóla og Oddeyrarskóla. Það var tekið mjög vel á móti öllum og kennarar fylgdust afar vel með aðlögun krakkanna, líðan þeirra og námi og voru duglegir að spyrja, leita ráða og leiða í samstarfi við nemendur og fjölskyldur þeirra.



Fylgiskjöl



Kennsluáætlun sýrlenskra nemenda fyrstu vikuna, 8. – 12. febrúar

stafir vikunnar: a, m, s og r.

mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur
<p>Upphaf Góðan dag! Ég heiti... hvað heitir þú? Leikur með bolta. A/a hljóð og heiti Skrifa a – api – teikna mynd</p>	<p>Upprifjun: Góðan dag! Ég heiti.....hvað heitir þú ? A hljóð Nýtt hljóð :M m. Skrifað og farið í orðin mús, mamma og amma + nöfin þeirra sem byrja á m. Hvað er í pokanum? -skóladót og föt. Að telja. Förun yfir tölustafina 1 - 10</p>	<p style="text-align: center;">Öskudagslið Sex krakkar voru í öskudagsliði. Hinir voru í skólanum á meðan. Syngjum Höfuð, herðar, hné og tær á íslensku og arabísku.</p>	<p>Upprifjun: Góðan dag – ég heiti, ég á heima – ég er frá Sýrlandi. Nýtt hljóð: s: snákur, sól. Skrifa, teikna. Fjölskyldan: amma, mamma, pabbi, bróðir, systir.</p>	<p>Fengu ný blöð úr Orðasjóði (5 – hlutir í skólastofunni 2) - Ekki unnið. Nýr stafur: R,r. rauður og rós. Unnum með fjölskylduna.</p>
Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
<p>Upprifjun úr 1. tíma. Fötin okkar og skóladót. Bingó Förun yfir tölustafina 1-10</p>	<p>Skrifa með töflutúss á platað blað tölustafi Skrifa og teikna: Einn - tveir</p>	Sungið	<p>Tölustafir með töflutúss. Bingó um skóladót og föt.</p>	<p>Vinna með fjölskylduna. Afi, amma, pabbi, mamma, strákur, stelpa.</p>
Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
<p>Að telja Orðasjóður – verkefni ef tími verður til. Söngur: Höfuð, herðar, hné og tær.</p>	<p>Orðasjóður – verkefni með tölustöfum. Söngur og hreyfing á milli vinnutarna.</p>	Sungið	<p>Hópnum skipt í tvennt: Tölvur og námsforrit með stöfum og hljóðum. Umræða og tjáning, upprifjun á orðum.</p>	<p>Fjölskyldan áfram. Klippið, litað og límt upp á vegg. Einhverjir byrja að festa orð við. Uppbrot og hreyfing: Ganga, læðast, stoppa, sitja, standa, hoppa, hlaupa.</p>

Kennsluáætlun 15. – 19. febrúar
stafir vikunnar: í, e, f, k, o / Heiti vikudaganna

mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur
<p>A, m, s og r Nýr stafur: Í. Ís, Ísland, ísbjörn, íþróttir. Festa spjöld á rétta staði á fjölskylduvegginn. Skrifa í stílabók. – Vinna verkefni úr Orðasjóði um skóladót.</p>	<p>Ég er frá S.... Ég á heima á A... A, m, s, r, í og nýr stafur: E, e Orð: epli, egg, enni, ellefu, eldur Vinna í stílabækur og í vinnumöppu úr Orðasjóði. Ef tími: bingó, jöfnuspil um stafi og orð.</p>	<p>Rifja upp stafi og orð. Götuheiti: Norðurgata, Ásvegur Ég á heima í Hann á heima í ... hún á heima í ... Nýr stafur : F/f. Fíll, fingur Vinna í bókum.</p>	<p>Rifja upp götuheiti og hver á heima hvar. Átt þú heima í ??? Nýr stafur: K,k. Kaka, klukka, kalt, kveikja (slökkva), kinn. Vinna í bókum og möppum.</p>	<p>Rifja upp stafi og líkamshluta. Nýr stafur: O o Heiti litanna eftir kynjum hjá eldri hópnum. Mataráhöld hjá yngri hópnum.</p>
frímínútur	frímínútur	frímínútur	frímínútur	frímínútur
<p>Tvískipt: tölvur /tjáning, orðaforði, innlagnir Stóru strákarnir: íþróttagreinir: handbolti, fótbolti, sund, skíði, skautar, karate o.fl. Yngri krakkarnir: Hvað er í pokanum eða minnisleikur – skóladót og litir. Nota dagblöð Hugtök: í dag, í gær, á morgun.</p>	<p>Tvískipt: tölvur /tjáning, orðaforði, innlagnir Ég er stelpa/strákur Leggja inn: hann, hún og það. Rifja upp litina og byrja aðeins á mismuni eftir kynjum: rauður /rauð /rautt</p>	<p>Tvískipt: tölvur /tjáning, orðaforði, innlögn. Leggja á borð: diskur, gaffall, hnifur, skeið, glas. (grunnur, djúpur)- eldri hópur. bolli, teskeið teikna upp og setja rétt heiti við.</p>	<p>Tvískipt: tölvur /tjáning, orðaforði, innlögn Andheiti algengra lýsingarorða? : stór /lítill, kaldur/heitur.</p>	<p>Tvískipt: tölvur /tjáning, orðaforði, innlögn. Hugtök um staðsetningar: á, undir, á milli, við hliðina, bak við, fyrir framan... Komumst ekki í staðsetningar – æfðum dropalagið ☺ Rifja upp vikudagana</p>

Athuga í þessari viku:

Stóru strákarnir fari í íþróttir með skólanum – yngri nemendur í heimsókn í bekk

Heimsóknir í hverfisskóla: Fjölskylda 1 í Oddeyrarskóla fimmtudag 18. febrúar

Kennsluáætlun 22.-23. febrúar
stafir vikunnar: U og L / Heiti vikudaganna

mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur
<p>Nýr stafur: u – ugla. Rifja upp: O, ostur, ormur. Rifja upp: mataráhöld. Að segja: Takk fyrir mig! Staðsetningar: bak við, fyrir framan, á, undir, á milli, við hliðina o.s.frv. Spjaldavinna: Hvar er hundurinn?, dagarnir, líkaminn. Stílabók og mappa.</p>	<p>Nýr stafur: L. Lykill, lás, lesa, lita, læra, líma. Sagnir í skólastarfi: Orðasjóður nr. 3. Leikur: horfa á hluti undir dúk og muna (skrifa eða teikna í bók).</p>	<p>Aðlögun fjölskyldna í leik- og grunnskóla.</p>	<p>Aðlögun fjölskyldna í leik- og grunnskóla.</p>	<p>Aðlögun fjölskyldna í leik- og grunnskóla.</p>
frímínútur	frímínútur			
<p>Kl. 11:15 Allir æfa dropalagið.</p> <p>11:30 Stóru strákarnir fara í íþróttatíma m. 10. bekkingum í Glerárskóla Yngri: tölvur/leir, Kaplakubbar</p>	<p>Kl. 11:00 Ragnheiður Lilja frá MSHA afhendir öllum börnum bókagjöf. Ómar spilar á fiðlu. Allir syngja dropalagið saman. Þakkað fyrir samveruna þessar vikur. Kaffi og terta.</p>			

Athuga í þessari viku:

Fjölskylda 2 í heimsókn í Oddeyrarskóla mánudaginn 22. febrúar kl. 13:30

Fjölskylda 3 í heimsókn í Brekkuskóla mánudaginn 22. febrúar kl. 15:00

Íslenska in my office, Glerárgata 26

Bring with you: your pencil-case and the materials I will deliver
in the first lesson)



From 10:00 – 11:00
(nemendur: ...)

	vika 1	vika 2	Vika 3
Priðjudagar يوم الثلاثاء	21. júní	28. júní	5. júlí
Fimmtudagar الخميس يوم	23. júní	30. júní	7. júlí

From 15:-15:40
(nemendur: ...)

... is of course welcome to have some icelandic materials and I can help him if he wants to.

	vika 1	vika 2	Vika 3
Priðjudagar يوم الثلاثاء	21. júní	28. júní	5. júlí
Fimmtudagar الخميس يوم	23. júní	30. júní	7. júlí

Good practice at home:

http://vefir.nams.is/lao_is/ (about the body, the home, weather, seasons...)

http://vefir.nams.is/klukkan/les_tima.html (the clock, in various ways)

<http://vefir.nams.is/lestur%5Fer%5Fleikur/> (sounds and word)

<http://vefir.nams.is/krilla/index.htm> (playing with words)

<http://vefir.nams.is/lesthjalfi/> (listen to stories)

If you want some books or other materials to practice icelandic in the summer you can send me mail, give me a call or come to my office, Glerárgata 26 /skóladeild /first floor.

helgah@akureyri.is

Helga: 460-1465 /892-0386



Stundaskrá 2015 - 2016

<i>mánudagur</i>	<i>þriðjudagur</i>	<i>miðvikudagur</i>	<i>Fimmtudagur</i>	<i>föstudagur</i>
8:20 – 9:40 Brekuskóli	8:10 – 8:50 Oddeyrarskóli			8:15-8:55 Glerárskóli
		8:40 – 9:20 Síðuskóli	8:55-9:35 Glerárskóli	
		9:55-10:25 Glerárskóli		10:00 11:10 Brekuskóli
		10:25-11:05 Síðuskóli		
	11:30 – 12:10 Glerárskóli			
		11:40-12:30 Brekuskóli	11:35-12:15 Síðuskóli	
12:15-12:55 Síðuskóli	12:45 – 13:25 Oddeyrarskóli		12:30-13:10 Brekuskóli	12:15 – 12:55 Síðuskóli 9.b.
13:05-13:45 Síðuskóli			13:25-14:05 Oddeyrarskóli	

